

REGLUGERÐ

um (1) breytingu á reglugerð nr. 1551/2023, um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað orðanna „frá heilsugæslu- eða heimilislækni“ í 6. tölul. 1. mgr. kemur: skv. 4. gr. reglugerðar nr. 313/2017, um tilvísanir fyrir börn,“.

b. Við 6. tölul. 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Börn á aldrinum tveggja ára til og með 17 ára greiða ekkert gjald fyrir bráða- og vaktþjónustu sérfræðinga í barnalækningum og þjónustu sérfræðinga í augnlækningum og kvensjúkdómalækningum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. reglugerðarinnar:

a. 3. tölul. 1. mgr. orðar svo: Börn greiða ekkert gjald.

b. 4. tölul. 1. mgr. fellur brott.

c. 3. tölul. 2. mgr. orðast svo: Börn greiða ekkert gjald.

d. 4. tölul. 2. mgr. fellur brott.

3. gr.

Á eftir orðinu „heilsugæslustöð“ í 1. mgr. 20. gr. kemur: eða sjúkrahúsi.

Heilbrigðisráðuneytinu, x. maí 2024

Willum Þór Þórssón

undirritun